

194 Samskotanefndin hefir ekki getað þáð tilboð þetta, þar sem skipið varla mun vera nógu
18. sept. stórt, en ef til vill gæti samskotanefndin í Kaupmannahöfn notað skipið.

195 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um ólög-
22. sept. lega húsmennsku. — Með brjefi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu dagsettu
25. febrúar f. á., hafið þjer, herra amtmaður, úrskurðað, að Hraungerðishreppi í Árnessýslu beri, sem framfærsluhreppi Guðmundar nokkurs Magnússonar á þeim tíma, er hann andaðist, að veita framfærslu eptirlifandi skylduómögum hans, en þessum úrskurði yðar hefir hreppsnefndin í Hraungerðishreppi skotið til landshöfðingja.

Nefndur Guðmundur var fæddur í Hraungerðishreppi, en fluttist til Vatnsleysustrandarhrepps sumarið 1866, og dvaldi þar síðan í húsmennsku, unz hann dó árið 1879. Úrskurður yðar, herra amtmaður, er nú byggður á því, að ekki hafi verið sannað, að Guðmundur hafi þau ár, er hann dvaldi í hreppnum sem húsmáður, fengið leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að dvelja þar, en Hraungerðishreppur hefir haldið því fram, að hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hafi veitt leyfi þetta þegjandi, með því ekki að amast neitt við dvöl Guðmundar í hreppnum, fyr en á 10. árinu, er hann dvaldi þar.

Þó það nú sje í 12. gr. tilsk. 26. maí 1863 ákveðið, að ef sveitarstjórn synjar manni um leyfi til að setjast að í hreppnum til húsmennsku, eigi hún að gefa honum það skriflegt með ástæðum fyrir synjuninni, hlýtur leyfið að vera jafngilt, hvort það er skriflegt eða munnlegt, en, sem sagt, er það eigi sannað, að Guðmundur hafi nokkurn tíma beðið um leyfi til að mega setjast að í húsmennsku í Vatnsleysustrandarhreppi, og því eigi heldur að hann hafi fengið það. Jeg verð því að vera yður samdóma um, að dvöl hans í hreppnum geti þegar af þeirri ástæðu samkvæmt nefndri grein tilskipunar 26. maí 1863 ekki heimilað honum þar framfærslurjett, sbr. einnig brjef landshöfðingja frá 24. marz 1881 (B. 37).

Í sambandi þar við vil jeg taka fram, að með prófi því, er fylgdi brjefi yðar, herra amtmaður, frá 8. þ. m. hafa komið fram nokkuð fleiri sannanir fyrir því, að kornlán, sem Guðmundur Magnússon þáði veturinn 1874—1875 í Vatnsleysustrandarhreppi, hafi verið sveitarstyrkur, en sökum þess, sem að framan hefir verið tekið fram um vanrækt hlutaðeiganda á að beiðast húsmennskuleyfis, þarf ekki að rannsaka hjer ítarlega það atriði málsins.

Af framanrituðum ástæðum verð jeg að vera yður, herra amtmaður, samdóma um það, að Hraungerðishreppi í Árnessýslu beri að veita framfæri eptirlifandi skylduómögum fyrnefnds Guðmundar heitins Magnússonar, og skal því úrskurður yðar standa óbreyttur.

Þetta vilduð þjer láta hlutaðeigendur vita.

196 — Leyfisbrjef konungs fyrir heimilisgrafreit.

29. sept.

Vjer Christian níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

gjörum kunnugt: að með því, að N. S. Krüger lyfsali í Reykjavík á landi voru Íslandi hefir farið þess á leit, þá höfum vjer allra-mildilegast veitt og leyft, enda veitum vjer það með þessu brjefi og leyfum, að hann í þeim hluta garðs þess, er liggur undir eign